



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 2/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Valitor hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 2/2014 varð að reglum um tryggilega varðveislu fjármuna rafeyrisfyrirtækja

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Valitor hf.	Almenn umsögn	<p>Almennt telur Valitor reglur FME tímalega og góða viðbót við það regluverk sem um rafeyrisfyrirtæki gilda. Hinsvegar gerir félagið athugasemdir við reglurnar sbr. neðangreindar athugasemdir við eintaka greinar auk athugasemdar um að reglurnar taka ekki á heimildum rafeyrisfyrirtækja til að veita öðrum þátttakendum í virðisæðju rafeyrisútgáfu tryggingaréttindi, eða ráðstöfunarréttindi (til aukinnar verndar notenda rafeyris líkt og algengt er að gert sé innan ESB) í móttæknum fjármunum. Hvorki af eða á. Telur Valitor slíka viðbót við reglurnar nauðsynlega til skýringar fyrir rafeyrisfyrirtæki um hvort heimildir standi til slíkra aðgerða samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um tryggilega varðveislu, eða ekki.</p>
2	Valitor hf.	4	<p>Athugasemd er gerð við tillögu þess efnis að eingöngu fjárvörslureikningar verði fullnægjandi form innlánsreikninga í lánastofnunum til að halda utan um aðgreinda fjármuni (leggja inn á) skv. 1. mgr. 4. gr. reglnanna.</p> <p>Fjárvörslureikningar eins og þeir eru skilgreindir að innlendum rétti eru aðeins til í takmörkuðu framboði og um þá gilda ýmsar reglur sem gera þá þunga í vöfum og kostnaðarsama sem ekki eru nauðsynlegar til tryggilegar aðgreiningar fjármuna, né er takmörkun við aðeins fjárvörslureikninga í samræmi (jafnræði) við aðrar heimildir til fjárfestingar umræddra fjármuna, né er gerð krafa um slíkt samkvæmt lögum um útgáfu og meðferðar rafeyris nr. 17/2013 eða rafeyristilskipun ESB. Þá er ekki gerð krafa um notkun fjárvörslureikninga samkvæmt núgildandi reglum um greiðsluuppgjör kortaviðskipta Seðlabanka Íslands nr. 31/2011 heldur eru þar lögð til innlán hjá viðskiptabönkum eða sparisjóði. Jafnframt verði að hafa í huga erlenda þýðingu reglnanna og áhrif þeirra á rafeyrisfyrirtæki (eða lánastofnanir sem gefa út rafeyri) sem veita þjónustu erlendis. Notkun fjárvörslureikninga (e. Escrow) er takmörkuð og hugsanlega ekki heimil í öllum tilfellum, slíkir reikningar eru afar dýrir notkunar, veita ekki vexti og utanumhald og afgreiðsla greiðslufyrirmæla afar tímafrek enda gerir rafeyristilskipun ESB ekki ráð fyrir takmörkun við fjárvörslureikninga. Óttast Valitor að fjárvörslureikningar (sbr. Escrow reikninga) muni ekki gera rafeyrisfyrirtækjum kleift að annast greiðslur með tilætluðum hraða reikninga á milli. Til eru önnur form vörslureikninga en þau sem héraðslendis þekkjast sem fjárvörslureikningar. Eins eru fleiri form innlánsreikninga í lánastofnunum notuð.</p> <p>Lagt er til að reglurnar takmarki ekki um of val aðila til að velja hæfa innláns reikninga til að leggja aðgreinda fjármuni inn á, og eða lánastofnana til að bjóða upp á innlánsreikninga sem fullnægi skilyrðum reglananna. Er því lagt til að fjárvörslureikningar verði aðeins eitt form af mörgum af heimilum innláns og eða veltureikningum í fjármálastofnununum sem leggja megi aðgreindra fjármuni inn á.</p>
3	Valitor hf.	7	<p>Athugasemd er gerð við kröfu um fyrirfram tilkynningu rafeyrisfyrirtækja vegna breytinga sem eru innan reglnanna en ákvæðið er talið óþarft og umfram þær kröfur sem gerðar eru annarsstaðar. Er lagt til að</p>

			FME verði frekar veittar heimildir til að samþykkja fyrirfram aðrar ráðstafanir en fram koma í reglunum, sem heimila ráðstöfun til tryggilegrar varðveislu fjármuna með öðrum hætti en fram kemur í reglunum, ef rafeyrisfyrirtæki sækir um og Fjármálaeftirlitið samþykkir
4	Valitor hf.	8	<p>Athugasemd er gerð við ákvæði 8. gr. tillagðra reglna. Athugasemdin er tvíþætt. Annarsvegar snýr hún að tilgreiningu fjárvörslureiknings og stöðu hans í staðfestri yfirlýsingu til FME sbr. framangreinda athugasemd um takmörkun við notkun fjárvörslureikninga við 4. gr. Hinsvegar snýr hún að sömu takmörkun, að jafnvel þótt aðeins væri heimilt að geyma fjármuni skv. 1. mgr. 4. gr. reglnanna á fjárvörslureikningi er jafnframt gert ráð fyrir að heimilt sé að fjárfesta í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum. Samkvæmt því getur staða fjárvörslureiknings (eða vörslureikninga í lánastofnun) því verið önnur og lægri en staða svokallaðs vörslufjár samkvæmt bókhaldi, ef þar er átt við heildarstöðu fjármuna sem rafeyrisfyrirtæki hefur tekið við frá notendum rafeyris og rafeyrisfyrirtæki skal varðveita tryggilega samkvæmt reglunum.</p> <p>Athugasemd er gerð við að reglurnar öðlist þegar gildi samkvæmt ákvæði 9. gr., sérstaklega með tilliti til ef aðeins verður heimilt að geyma fjármuni á fjárvörslureikningum eða sem öruggar, seljanlegar áhættulitlar eignir en gera þarf ráð fyrir að rafeyrisfyrirtæki (eða lánastofnanir sem gefa út rafeyrir) geymi aðgreinda fjármuni með ýmsum hætti og tímafrest þurfi frá því að endanleg útfærsla reglnanna liggur fyrir og þar til þær taki gildi. Er því lagt til að bráðabirgðaákvæði verði bætt við að gildistaka efnislegra ákvæða reglnanna taki ekki gildi fyrr en að 3 mánuðum eftir að þær hafi verið settar.</p>